

Um kynlega barnavernd (grein í Dagblaðinu-Vísi 28. okt. 1996)

Það er varla nokkrum vafa undirorpið, að forsjármál eru erfiðustu úrlausnarefni barnaverndarinnar í landinu. Þau eru afar viðkvæm og flókin. Barnaverndarnefndir koma að deilum for forsjá og umgengni með tvennum hætti. Annars vegar eru þær umsagnaraðili í deilum foreldra, sem til umfjöllunar eru hjá stjórnslu og dómstólum. Hins vegar eru um að ræða beina þátttöku í deilu um forsjá og umgengni, þar sem foreldrar eru sviptir forsjá barna sinna stökum ófullnægjandi aðbúnaðar þeirra. Í forsjárdeilum er oft og tíðum harkalega tekist á á báða bóga. Mikilvægi agaðra vinnubragða er trúlega hvergi meira. Sterkar tilfinningar og beinskeytt tilhöfðun aðila í forsjárdeilu leysa auðveldlega úr læðingi torræð viðhorf og kenndir í brjósti starfsmanna. Þegar svo ber undir er þungur róður hjá viðkomandi starfsmanni við að beita fagmennsku og hlutleysi. Áhrifin eru margslungin og skipta verulegu máli við úrvinnslu jafnviðkvæmra mála. Þessi áhrif mætti kall „flæðiáhrif.“ Þegar gaumgæft er, hvernig flæðiáhrifin finna sér farveg í úrlausnum barnaverndar- og forsjármála ber að hafa í huga þá staðreynd, að umfjöllun forsjármála er að verulegu leyti í höndum kvenna.

Guðrún Kristinsdóttir, sem er margreyndur ráðgjafi í forsjármálum, hefur vakið athygli á svonefndri „barnaverndargildru.“ Í þessu hugtaki felst, að í umfjöllun starfsmanna verður móðirin miðdepill athyglinnar, en börnum og feðrum er vikið til hliðar. Því virðast leikslök „kvennaglímunnar“ ráða mestu um, hvers konar lausn er fundin. Niðurstöður forsjárdeilna eru skýrar. Mæðrum er venjulega falin forsjá eða umsjón barnanna. Til að varpa frekara ljósi á úrvinnslu og lyktir í deilum um forsjá og umgengni gerðu þrjú valinkunnir ráðgjafar könnun á öllum forsjár- og umgengismálum (samtals 63 mál), sem komu til umsagnar hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur á tveggja ára tímabili. Athugun þessi er um margt athyglisverð. Til dæmis er bent á, að það viðhorf sé ríkjandi, að börn og heimili heyri til friðar konunnar. Í ljósi þessa er auðskildara langlundargeð barnaverndarnefnda gagnvart illa hæfum eða óhæfum mæðrum, sem falin er forsjá barna sinna. Í stað þess að forða börnunum frá mæðrum sínum og veita feðrum forsjáanna, er stöðugt verið að lappa upp á aðstæður móðurinnar og stappa í hana stálinu. Skýrsluhöfundar benda ennfremur á, að í umgengisdeilum sé það í nær öllum tilvikum móðirin, sem tálmar umgengni barna við föður og föðurfrændgarð. Þessar mæður hanga á börnum sínum eins og hundar á roði. Og svo virðist, sem enginn fái við neitt ráðið. Viðurlög barnalaga eru máttlítil og varla beitt. Varnarorð skýrsluhöfunda eru: „Við megum ekki detta í þá gryfju að standa með öðru foreldrinu, líkt og í stríði væri í refsiaðgerðum gegn hinu foreldrinu, refsiaðgerðum sem bitna fyrst og fremst á barninu eða börnunum.“ Orð í tíma töluð. Sú spurning hlýtur óhjákvæmilega að sækja á hugann, hvort barnavernd sé í raun móðurvernd.